

**Fundargerð samstarfsnefndar  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
og  
Kennarasambands Íslands  
vegna Félags grunnskólakennara**

49. fundur samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna Félags grunnskólakennara var haldinn föstudaginn 18. september 2015 í Borgartúni 30 og hófst hann kl. 14:30.

Fundinn sátu: Ólafur Loftsson og Guðbjörg Ragnarsdóttir af hálfu KÍ, af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Atli Atlason og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

**1. Er heimilt að fela kennara verkefnisstjórn umfram 20% starf án þess að kennara sé raðað í starfsheitið Verkefnisstjóri 1 eða 2. - 1508063SA**

**Niðurstaða:**

Samstarfsnefnd er sammála um að hægt sé að fela kennara allt að 20% af starfi hans til að sinna verkefnisstjórn gegn því að vægi verkefna í B eða A þætti sé minnkað. Sé kennara falið að sinna verkefnisstjórn í 20% eða meira starfshlutfalli í heilt skólaár raðast hann í starfsheitið Verkefnisstjóri 1 eða 2. Jafnframt er heimilt að fela kennara tímabundna verkefnastjórn í skemmri tíma innan skólaársins gegn því að vægi verkefna í B eða A þætti sé minnkað þann tíma sem verkefnastjórn varir.

**2. Mat á starfsferli við vöru og verkefnisstjórn og þátttöku í ýmsum verkefnum tengdum skólastarfi til kennsluferils –**

Við mat á kennsluferli er kennsluferill þeirra metin sem starfa við skólaföstudaginn sem starfa eftir námskrám sem menntamálaráðuneytið setur. Þessi störf eru ekki metin til kennsluferils.

**3. Önnur mál.**

Afsal kennsluafsláttar. Málið rætt, afgreiðslu frestað.

Fæðingarorlof og veikindaréttur. Málið lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:15